

4. FEB. 2019

Bréfalykili: 09.02.03



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands

Hafnargata 3  
340 Stykkishólmur

(354) 570 13 12  
(354) 895 18 80

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
[magnus@minjastofnun.is](mailto:magnus@minjastofnun.is)

Dalabyggð  
Kristján Ingi Arnarsson  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

29. janúar 2019  
MÍ201901-0133 / 6.09 / M.A.S.

### Efni: Dalabyggð. Deiliskipulagstillaga í landi Hlíðar í Hörðudal, Gildurbrekkur.

Með tölvubréfi dagsett 9. júní 2018 óskaði Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn minjavarðar um deiliskipulagstillögu í landi Hlíðar í Hörðudal, Gildurbrekkur. Fylgigagn var fornleifaskrá sem var unnin uppúr: Bjarni F. Einarsson. Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara í Hörðudal. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.

Aðeins einar fornleifar fundust á vettvangi, en það var gamla þjóðleiðin inn dalinn. Í heild sinni er leiðin slitrótt þar sem núverandi vegur liggar yfir hana á mörgum stöðum en varast skal að raska henni frekar.

Engar frekari minjar eru skráðar á ofangreindum skipulagsreit. Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða deiliskipulag.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fliðt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturland

#### Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakín athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili mál óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi sílkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal vera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.